

Evrópa og stofnanir hennar



Svipuð nöfn –
sérðu muninn?

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



EVROPURADIÐ

Evrópuráðið er milliríkjastofnun með höfuðstöðvar í Strassborg. Það samanstendur af 46 Evrópuríkjum með umboð fyrir um 700 milljón ríkisborgara. Hlutverk þess er að efla lýðræði og vernda mannréttindi og réttarríkið í Evrópu.

Ráðherranefndin er framkvæmdavald Evrópuráðsins og fer með ákvarðanatöku. Hana skipa utanríkisráðherrar aðildarríkjanna eða fastafulltrúar, sendierindrekar þeirra í Strassborg. Nefndin ákveður stefnu stofnunarinnar, samþykkir fjárlög hennar og starfsáætlanir og vaktar framkvæmd á dómum Mannréttindadómstóls Evrópu.

Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins. Það sameinar kjörna fulltrúa frá 46 þjóðþingum og hefur átt frumkvæði að mörgum af sáttmálum stofnunarinnar, þar með talið Mannréttinasáttmála Evrópu. Þingið fundar fjórum sinnum á ári í Strassborg.

Þing sveitar- og héraðsstjórna ber ábyrgð á því að efla lýðræði á sveitarstjórnar og héraðsvísu í öllum 46 aðildarríkjum Evrópuráðsins. Hana sækja 612 kjörnir embættismenn sem fulltrúar meira en 150 000 sveitarstjórnar- og héraðsyfirvalda.

Mannréttindafulltrúi er sjálfstæð stofnun innan Evrópuráðsins. Hlutverk fulltrúans er að efla meðvitund og virðingu fyrir mannréttindum í 46 aðildarríkjum stofnunarinnar.

Mannréttindadómstóll Evrópu er með höfuðstöðvar í Strassborg og tryggir að farið sé að ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu í sérhverju 46 aðildarríkjanna. Bæði einstaklingar og ríki geta vísað málum til dómstólsins. Dómar hans eru bindandi gegn viðkomandi ríki.

Mannréttinasáttmáli Evrópu er milliríkjasáttmáli Evrópuráðsins, samþykktur árið 1950. Hann tryggir grundvallar borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi allra ríkisborgara aðildarríkjanna 46, sem og einstaklinga innan lögsögu þeirra.



EVROÐUSAMBANDIÐ

Evrópusambandið (ESB) samanstendur af 27 þjóðríkjum sem hafa að hluta til framselt fullveldi sitt til stofnunarinnar og gert henni mögulegt að taka lýðræðislegar ákvarðanir, í málum er varða sameiginlega hagsmuni.

Evrópska leiðtogaráðið, eða leiðtogaráðið, samanstendur af forseta leiðtogaráðsins og þjóðhöfðingjum eða oddvitum ríkisstjórna aðildarríkjanna og forseta framkvæmdastjórnarinnar. Það ákvarðar helstu forgangsefni Evrópusambandsins.

Ráð Evrópusambandsins ber ábyrgð á samræmingu á almennri starfsemi stofnunarinnar. Ásamt Evrópuþinginu fer það með löggjafarvald stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun sambandsins. Ráðið skipa ráðherrar víðeigandi málefnaviða.

Evrópuþingið sitja þingmenn sem kjörnir eru í beinum almennum kosningum af ríkisborgurum Evrópusambandsins. Aðsetur þess er í Strassborg. Nefndarfundir og ákveðnir viðbótar allsherjarfundir eru haldnir í Brussel. Þingið deilir lagasetningar- og fjárlagavaldi með ráði Evrópusambandsins.

Svæðanefnd Evrópusambandsins er fulltrúaping héraðs- og sveitarstjórnaryfirvalda Evrópusambandsins. Hún er skipuð 329 kjörnum fulltrúum frá sveitarstjórnnum, héruðum og borgum allra 27 aðildarríkja Evrópusambandsins.

Aðildarríkin 27 tilnefna hvert um sig einn fulltrúa til að taka sæti í **framkvæmdastjórn Evrópusambandsins**. Framkvæmdastjórnin hefur aðsetur í Brussel. Hún gerir tillögur um lög og hrindir þeim í framkvæmd, heldur utan um fjárhagsáætlanir, vaktar milliríkjasamninga og heldur utan um daglegan rekstur Evrópusambandsins.

Dómstóll Evrópusambandsins, með aðsetur í Lúxemborg, tryggir að lögum Evrópusambandsins sé framfylgt og landsdómstólar geta leitað til hans um álit.

Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi var innleiddur árið 2000.

Vissir þú?

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt árið 1948 til þess að standa vörð um mannréttindi á alþjóðavettvangi. **Alþjóðadómstóllinn** er dómsaðili Sameinuðu þjóðanna og höfuðstöðvar hans eru í Haag.



*All references to Kosovo, wherever it appears in the territory, institutions or population, are made in accordance with Council Resolution 1244 and without prejudice to the status of Kosovo.

Council of Europe member states
 Member states of the Council of Europe and the European Union

PREMS 066424

ISL



Sameiginlegur fáni

Fáninn var valinn árið 1955 af Evrópuráðinu og seinna samþykktur af Evrópusambandinu árið 1985. Hann varð með því sameiginlegt tákn um samruna í Evrópu án þess að tilheyra einni tiltekinni stofnun.

www.coe.int

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE